

Brjef stjórnarráðsins til biskups um afnám prestmötukvaðar 36 á jörðinni Stóra-Vatnshorni.

14. mars

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans hátign konunginn um 15. f. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess að prestmötukvöð sú, 60 pd. af smjöri til sóknarprestisins í Suður-Dalabíngum, er hvílir á jörðinni Stóra-Vatnshorni í Haukadalshreppi í Dalasýslu, verði afnumin innan 5 ára gegn 850 kr. endurgjaldi, með því skilyrði, að fje þetta ávaxtist undir umsjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, og að beneficiarius njóti vaxtanna að frádregnum 2 kr., sem árlega skal leggja við höfuðstólinn.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði höfuðstólnum varið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skulu brjefin send hiñgað, til þess að ritað verði á þau ákvæði um að eigi megi afhenda þau.

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans á Akureyri um kærú útaf 37 kosningu til bæjarstjórnar í nefndum kaupstað.

21. mars

Með brjefi yðar, herra bæjarfógeti, dags. 18. f. m., hefir hingað borist erindi frá þrem kjósendum á Akureyri, þar sem þeir áfrýja til stjórnarráðsins úrskurði bæjarstjórnarinnar í nefndum kaupstað, dags. 19. jan. þ. á, er staðfestir kosning þá á bæjarfulltrúum, sem fram fór 3. janúar þ. á. Brjefi yðar fylgdi einnig umsögn kjörstjórnar og bæjarstjórnar. Tildrögin til kærunnar yfir kosningunni eru þessi.

Fyrir kosninguna auglýsti kjörstjórnin, að lista ætti að afhenda fyrir hádegi 31. desbr. f. á. Einn af listunum var ekki afhentur fyr en kl. 4½ nefndan dag. Kjörstjórnin ákvað að taka lista þennan gildan ef engin mótmæli kæmu á móti honum og nefndi hann D-listann; var hann auglýstur á götum bæjarins ásamt hinum öðrum listum, sem kjósa átti um. Þegar á kjörfund kemur mótmælir einn kjósandi þessum lista vegna þess að hann hafi verið afhentur of seint. Kjörstjórnin úrskurðar þá, að D-listinn skuli feldur frá kosningu af þessari ástæðu og ljet kosninguna fara fram um hina listana, sem voru þrír og nefndir A, B og C. Kærendurnir telja D-listanum ólöglega hrundið og krefjast þess, að kosningarnar sjeu fyrir þá sök úr gildi feldar.

Ákvæðin í 2. gr. bæjarstjórnarkosningalaganna 10. nóvbr. 1903, að listar skuli afhentir oddvita kjörstjórnar »fyrir hádegi tveim sólarhringum á undan kosningu« geta eftir máltísku vel skilist svo, að listarnir skuli vera afhentir tveim sólarhringum fyrir kosningu, og þá fyrir hádegi þann dag, þ. e. fyrir það hádegi, sem er næst því að vera tveim sólarhringum fyrir kosning, enda hefir það verið tíðast, að kosningar fari fram á hádegi. Á orðalagi dönsku þýðingarinnar er ekkert að byggja. Það er orðrjett eins og í danska lagafrumvarpinu, sem íslenska

37 frumvarpið var útlagt eftir, sbr. Rigsdagstidende 1902—1903, Tillæg A, bls. 3457
21. mars —3458, og í frumvarpinu, sem lagt var fyrir alþingi, stóð: »fyrir hádegi á þriðja degi á undan kosningu« (Alþingistiðindi 1903 C, bls. 348). Þessum ákvæðum, sem virðast vera ljós, var breytt af nefndinni í neðri deild, og sett eins og nú er í lögunum, og þó það sjáist ekki beint af umræðum liggur þó nærri, að breytingin hafi einmitt átt að miða að því, að takmarka frestinn við 2 sólarhringa, sem verður að álitast nægilegt svigrúm fyrir kjörstjórn til að undirbúa kjörseðla; en breytingin hefir verið álitin svo óveruleg, að með hana hefir verið farið eins og orðabreyting, eins og margar aðrar smábreytingar á frumvarpinu, sem ekki röskuðu stefnu þess.

Hvað sem þessu líður, virðist það ljóst, að kjósendur eiga ekki að sviftast rjetti til þess að koma fram með framboðslista, þegar þeir hegða sjer samkvæmt skilningi, sem vel má leggja í orð laganna. Ákvæðin um svigrúm þetta, er kjörstjórn er ætlað, eru alls ekki ófrávikjanlegt skilyrði fyrir gildi framboðslista fremur en ákvæðin um að meðmælendur skuli greina við nöfn sín stöðu sína og bústað (sbr. úrskurð ráðherra um bæjarstjórnarkosning á Akureyri, dags. 23. febr. 1905, Stjórnartíðindi 1905, B, bls. 67). Þau eru regla um það, hvað kjörstjórn geti frekast heimtað í þessu efni, og er því ógilt, ef hún í auglýsing sinni hefir sett lengri frest, en lögin greina. Hinsvegar er kjörstjórn heimilt að taka lista gildan, þótt hann komi of seint fram, og getur slíkt ekki komið í bága við eðlileg rjettindi neinna kjósenda, því það er tilgangur laganna, að tryggja betur en áður var öllum kjósendum rjett til þess að fá fulltrúa eftir sinu skapi, og það er gagnstætt anda og tilgangi hlutfallskosninga, að láta kosning fram fara, þegar það er augljóst og vitanlegt, að nokkur hluti kjósenda er á síðasta augnabliki útilokaður frá að kjósa þann lista, er þeir vildu kosið hafa, og því neyðst til að verða af því að neyta kosningarrjettar eða kjósa menn, sem ekki fylgja þeirri stefnu, er þeir fylgja og vilja fylgja láta; slík kosning skipar alls ekki fulltrúum rjettilega eftir tiltölulegu fylgi, og *getur* orðið miklu ósanngjarnari en einföld meiri hluta kosning, þar sem kosning ekki er bundin við framboð.

Samkvæmt því, er að framan er greint, verður stjórnarráðið að álíta, að kjörstjórnin hafi ekki haft lögmæta ástæðu til þess að hafa D-listann ekki í kjöri, enda virðist hún hafa verið búin að taka hann gildan með því að auglýsa hann og merkja hann með bókstaf, því samkvæmt 5. lið í 2. gr. eru að eins þeir listar bókstaf merktir, sem kjörstjórn tekur gilda.

Kosningar þær til bæjarstjórnar í Akureyrarkaupstað, sem fram fóru 3. janúar þ. á., skulu því hjer með úr gildi feldar, og ber eftir löglegan undirbúning að láta nýjar kosning fram fara.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til frekari ráðstafana.